

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG
ANNARRA AÐILA SEM ÞAÐ HEFUR
SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

IÐJUBJÁLFAFÉLAGS ÍSLANDS

SAMKOMULAG UM BREYTINGAR OG
FRAMLENGINGU KJARASAMNINGS

GILDISTÍMI:

1. SEPTEMBER 2015 til 31. MARS 2019

EFNISYFIRLIT

1.	Framlenging gildandi kjarasamnings.....	3
2.	Föst mánaðarlaun.....	3
3.	Eingreiðslur á samningstímanum.....	4
4.	Röðun í launaflokka.....	4
5.	Persónuuppbót / desemberuppbót.....	4
6.	Persónuuppbót / orlofsuppbót.....	4
7.	Vaktavinna.....	4
8.	Staðgenglar.....	5
9.	Fræðslumál.....	5
10.	Samstarfsnefnd.....	5
11.	Starfspróunarsetur háskólamanna.....	6
12.	Samningsforsendur og atkvæðagreiðsla.....	7
13.	Bókanir.....	8
14.	Sérákvæði 1:.....	11
15.	Sérákvæði 2: Bráðabirgðaröðun 1. apríl 2016 til 31. maí 2018.....	15
16.	Sérákvæði 3:.....	19
17.	Fylgiskjal 1: Launatöflur.....	20
18.	Fylgiskjal 2: Tengitafla við starfsmat.....	28

Samband íslenskra sveitarfélaga og Iðjupjálfafélag Íslands

gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

Með samkomulagi þessu milli Iðjupjálfafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila er stigið veigamikið skref í þá átt að styrkja samkeppnisstöðu sveitarfélaga vegna háskólamenntaðra sérfræðinga.

Á samningstímanum breytist samsetning heildarlauna háskólamanna og launaröðun starfa verður skv. starfsmatskerfinu SAMSTARF.

Þann 1. apríl 2016 hefst innleiðingarferli starfsmats með nýrri launaröðun starfa til bráðabirgða samkvæmt launatöflu I í fylgiskjali 1. Þann 1. júní 2018 kemur starfsmat að fullu til framkvæmda. Öll störf raðast þá samkvæmt starfsmati, röðun til bráðabirgða fellur úr gildi og laun greiðast samkvæmt launatöflu IV í fylgiskjali 1.

Forsenda upptöku starfsmats er breyting á samsetningu heildarlauna, þannig að hlutur dagvinnulauna aukist og fastar viðbótargreiðslur lækki sem nemur þeirri hækkun sem leiðir af bráðabirgðaröðun starfa og upptöku starfsmats.

Aðilar eru sammála um að fylgja forsendum samnings þessa sem gera sveitarfélagi/launagreiðanda skylt að færa fastar viðbótargreiðslur inn í dagvinnulaun. Hér er um að ræða fasta yfirvinnu, persónuálag og/eða launaflokka sem greitt er umfram ákvæði gildandi kjarasamnings ásamt tímabundnum viðbótarlaunum og/eða stjórnendaálagi.

Áður en til bráðabirgðaröðunar starfa kemur, samkvæmt sérákvæðum 1 og 2 í kjarasamningi þessum, skulu félagsmenn hafa skrifað undir yfirlýsingu um afsal fastra greiðslna eða sveitarfélag/launagreiðandi sagt þeim upp. Heildarlaun starfsmanns skulu ekki lækka við þessa aðgerð.

Samningsaðilar eru sammála um að viðhalda og þróa starfsmatskerfið SAMSTARF í samstarfi við önnur stéttarfélag sem samið hafa um starfsmatskerfið.

1. FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGS

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. september 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. FÖST MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.1 breytist svo:

1.1.1. Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt launatöflum í fylgiskjali 1 og einnig skv. tengitöflu í fylgiskjali 2 frá 1. júní 2018.

Launatafla I: Gildir frá 1. september 2015 til 31. maí 2016

Launatafla II: Gildir frá 1. júní 2016 til 31. maí 2017

Launatafla III: Gildir frá 1. júní 2017 til 31. maí 2018

Launatafla IV: Gildir frá 1. júní 2018 til 31. mars 2019 og tengitafla í fylgiskjali 2.

3. EINGREIÐSLUR Á SAMNINGSTÍMANUM

Grein 1.2 hljóði svo:

- 1.2.1 Sérstök eingreiðsla, kr. 58.000, greiðist um mánaðamótin apríl/maí 2019. Hún greiðist hverjum starfsmanni sem er við störf í janúar, febrúar eða mars 2019, hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall þessa þrjá mánuði.

4. RÖÐUN Í LAUNAFLOKKA

Grein 1.3 hljóði svo:

- 1.3.1 Frá 1. júní 2018 verður röðun starfa í launaflokka samkvæmt niðurstöðu starfsmatskerfisins SAMSTARF skv. launatöflu í fylgiskjali 1 og tengitöflu í fylgiskjali 2.

Fram til þess tíma gilda ekki ákvæði kjarasamningsins um starfsmat og framkvæmd þess heldur sérákvæði 1 og 2 um innleiðingu starfsmats, bráðabirgðaröðun starfa og flutning fastrar yfirvinnu, persónuálags, tímabundinna viðbótarlauna, launaflokka umfram ákvæði kjarasamnings og stjórnendaálags inn í dagvinnulaun.

Um innleiðingu og framkvæmd starfsmats gilda verklagsreglur þeirra aðila sem aðild eiga að starfsmatskerfinu SAMSTARF, sjá www.starfsmat.is.

5. PERSÓNUUPPBÓT / DESEMBERUPPBÓT

Grein 1.7.1 breytist svo:

- 1.7.1 Persónuuppbót / desemberuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015 kr. 94.800.
Á árinu 2016 kr. 100.000.
Á árinu 2017 kr. 103.000.
Á árinu 2018 kr. 113.000.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

6. PERSÓNUUPPBÓT / ORLOFSUPPBÓT

Grein 1.8.1 breytist svo:

- 1.8.1 Persónuuppbót / orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2016 kr. 48.000.
Á árinu 2017 kr. 49.000.
Á árinu 2018 kr. 48.000.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

7. VAKTAVINNA

Frá 1. apríl 2016 breytist grein 2.6.2 og hljóðar svo:

- 2.6.2 Þar sem unnið er á reglubundnum vinnuvöktum skal leggja fram drög að vaktskrá sex vikum áður en hún tekur gildi. Við gerð vaktskrár skal takmarka uppsöfnun vinnutíma eins og frekast er unnt. Starfsmenn fá í framhaldinu einnar viku svigrúm til að gera athugasemdir og óska eftir breytingum á fyrirliggjandi drögum að vaktskrá.

Endanleg vaktskrá skal lögð fram mánuði áður en fyrsta „vakt“ samkvæmt skránni hefst, nema samkomulag sé við starfsmann um skemmri frest.

Sé vaktskrá breytt með skemmri en 24 klst. (sólarhrings) fyrirvara skal greiða aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24 – 168 klst. (vika) skal greiða aukalega 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu að beiðni yfirmanns, með minna en 24 klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og á sérstökum frídögum, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða aukalega 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

8. STAÐGENGLAR

Frá 1. júní 2018 bætist eftirfarandi við grein 9.2.2.:

9.2.2 Launaðir staðgenglar

Formlega skipaður staðgengill yfirmanns sem sinnir starfsskyldum hans að fullu í hans fjarvist, raðast 2 launaflokkum hærra en ella, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess í starfsmati.

9. FRÆÐSLUMÁL

Frá 1. júní 2018 breytist grein 10.2.3 svo:

10.2.3 Persónuálag vegna viðbótarmenntunar

Fyrir hverjar 30 ECTS einingar í háskólanámi, umfram grunnám þ.e. 3 til 4 ár s.s. BA, BSc, B.ed, sem ekki eru metnar í starfsmati, fær starfsmaður 2% persónuálag enda sé námið hluti af formlegri prófgráðu s.s. diplóma- eða mastersgráða. Forsenda fyrir veitingu persónuálags skv. þessari grein er að starfsmaður hafi lokið formlegri prófgráðu og að námið nýtist í starfi.

Meginreglan við mat á námi er sú að einingar eru aldrei tvítaldar.

Hækkun samkvæmt grein þessari tekur gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið. Hámark persónuálags samkvæmt greininni er 24%, nema þegar starfsmaður hefur lokið doktorsprófi en þá er hámarkið 30%.

10. SAMSTARFSNEFND

Grein 11.2 hljóði svo:

11.2 Samstarfsnefnd

11.2.1 Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd er formlegur vettvangur samskipta samningsaðila á gildistíma kjarasamnings. Nefndin hefur það hlutverk að fjalla um framkvæmd og túlkun kjarasamnings, úrskurða í ágreiningsmálum og vinna úr bókunum með kjarasamningi milli kjaraviðræðna.

11.2.2 Skipan samstarfsnefndar

Samningsaðilar hvor um sig skipa þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd og þrjá til vara. Aðilar tilkynni gagnaðila formlega um skipan fulltrúa í nefndinni.

11.2.3 Framlagning erinda og málsmeðferð

Erindum sem vísað er til úrskurðar samstarfsnefndar ber að fylgja greinargerð, ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, þar sem ágreiningsefni eru skilgreind og sjónarmið hlutaðeigandi aðila eru rakin. Áðurnefnd gögn skulu berast samstarfsnefnd a.m.k. þremur dögum fyrir boðaðan samstarfsnefndarfund.

11.2.4 Ákvarðanir og úrskurðir samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd skal að jafnaði svara erindum innan fimm vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar.

Verði samstarfsnefnd sammála um niðurstöðu gildir hún frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst kynnt gagnaðila með sannanlegum hætti, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

11. STARFSÞRÓUNARSETUR HÁSKÓLAMANNA

Ný grein 13.9 gildir frá 1. september 2015 og hljóðar svo:

13.9 Starfsþróunarsetur háskólamanna

13.9.1 Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag til Starfsþróunarseturs háskólamanna er nemur 0,7% af heildarlaunum starfsmanna.

Með kjarasamningi aðila, undirrituðum 21. mars 2016, urðu aðilar sammála um að viðbótar 0,1% framlag til starfsmenntunar, sem samþykkt var í forsendunefnd aðila í febrúar 2013, yrði hluti af iðgjaldi launagreiðenda til Starfsþróunarseturs háskólamanna.

12. SAMNINGSFORSENDUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA

Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningnum skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart þessum samningi.

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 5. apríl. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:11 þann 5. apríl 2016 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 21. mars 2016

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga,
með fyrirvara um samþykki stjórnar

F.h. Iðjubálfafélags Íslands með fyrirvara
um samþykki félagsmanna

13. BÓKANIR

BÓKUN 1 [2016] **Viðbótarlaunakerfi**

Aðilar eru sammála um að fylgjast með framgangi vinnu ríkis og Reykjavíkurborgar við þróun viðbótarlaunakerfa með það að markmiði að þróa sambærileg kerfi. Samráðsnefnd aðila hefur frumkvæði í málinu.

BÓKUN 2 [2016]

Aðildarfélög BHM eru ekki aðilar að rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins er undirritað var þann 27. október 2015. Komi til þess á gildistíma kjarasamnings þessa að BHM verði aðili að rammasamkomulaginu sem undirritað var 27. október 2015 ásamt breytingum sem kunna að verða gerðar á því munu aðilar skoða þýðingu þess fyrir kjarasamning þennan.

BÓKUN 3 [2016] **Endurskoðun á veikindakafla kjarasamninga**

Aðilar eru sammála um að taka þátt í samstarfi þeirra aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa, með þátttöku í starfi nefndar sem falið verður að endurskoða í heild 12. kafla kjarasamninga aðila.

BÓKUN 4 [2016] **Endurskoðun á vinnutímakafla kjarasamninga**

Aðilar eru sammála um að taka þátt í samstarfi um grunnendurskoðun á 2. kafla kjarasamninga, um vinnutíma. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika sem þjóni bæði hagsmunum starfsmanna og vinnuveitenda.

Endurskoðun leiði ekki til kjararýrnunar að öðru jöfnu.

Þegar tillögur liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.

BÓKUN 5 [2016] **Um skil á launaupplýsingum**

Samningsaðilar eru sammála um að á gildistíma kjarasamningsins verði samkomulag um skil á launaupplýsingum endurskoðað með það að markmiði að bæta það fyrirkomulag sem hingað til hefur tíðkast vegna skila á launaupplýsingum með hliðsjón af fyrirkomulagi annarra opinberra aðila. SNS og BHM munu hvor um sig tilnefna tvo aðila í vinnuhóp sem falið er að vinna að framgangi verkefnisins.

BÓKUN 6 [2016] **Útgáfa heildarkjarasamnings**

Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að útgáfu heildarkjarasamnings. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 1. júlí 2016. Heildarkjarasamningur verður uppfærður 1. júní 2018 vegna upptöku starfsmats.

BÓKUN 7 [2016] **Kynbundinn launamunur**

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að útrýma kynbundnum launamun. Bandalag háskólamanna mun á samningstímanum hvetja sveitarfélögin til að skoða launasetningu háskólamenntaðra starfsmanna hjá sveitarfélögum reglulega með hliðsjón af kynbundnum launamun og launamun á milli fagsviða með það að markmiði að eyða ómálefnalegum mun.

BÓKUN 8 [2016] **Aðgerðaáætlun vegna upptöku starfsmats**

Með kjarasamningi, undirrituðum 21. mars 2016, sammælast aðilar um að ganga frá aðgerðaáætlun, sem við undirritun liggur fyrir í drögum, vegna undirbúnings upptöku starfsmatskerfisins SAMSTARF. Samráðsnefnd aðila skal vinna lokaútgáfu sem skal liggja fyrir þann 23. mars 2016. Aðgerðaáætlunin skal kynnt samhliða kjarasamningi.

BÓKUN 9 [2016] **Um hækkun launa á samningstíma**

Haustið 2018 mun samstarfsnefnd aðila mæla launaþróun starfsmanna sem voru í ráðningarsambandi eða hófu störf á tímabilinu 1. ágúst 2015 til 31. mars 2016, og eru enn í starfi hjá sama vinnuveitanda í júní 2018.

Samstarfsnefnd mun skoða sérstaklega þá starfsmenn sem á samningstímabilinu hafa afsalað sér eða sætt uppsögn fastra viðbótargreiðslna vegna upptöku bráðabirgðaröðunar og starfsmats. Leiðréttá skal laun þeirra sem ekki hafa náð hækkunum 1. júní 2018 frá þeim tíma til samræmis við launastefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem byggir á rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

Greiðslur vegna hækkunar persónuálags, viðbótarmenntunar, fagreynslu, viðbótarlaunaflokkar vegna staðgengla eða vegna framgangs í starfi, sem kunna að koma til á tímabilinu, teljast ekki með í mælingu á launaþróun.

BÓKUN 10 [2016] **Iðjubjálfar í grunnskólum**

Samningsaðilar eru sammála um að í kjölfar breytinga sem orðið hafa á kjarasamningi kennara verði samstarfsnefnd falið að yfirfara vinnuumhverfi, og skiptingu vinnutíma Iðjubjálfa sem starfa í grunnskólum. Hópurinn skilar niðurstöðum fyrir 15. júní 2016.

YFIRLÝSING FRÁ IÐJUPJÁLFAFÉLAGI ÍSLANDS

Iðjupjálfafélag Íslands telur mikilvægt að starfsmenn í fæðingarorlofi hafi sömu stöðu og aðrir starfsmenn þegar litið er til ráðningarsambands.

14. SÉRÁKVÆÐI 1:

Sérákvæði um innleiðingu starfsmats, bráðabirgðaröðun starfsheita og flutning fastrar yfirvinnu, persónuálags, launaflokka, tímabundinna viðbótarlauna (TV-einingar) og stjórnendaálags inn í dagvinnulaun.

Aðilar eru sammála um að frá 1. júní 2018 verði röðun starfa í launaflokka samkvæmt niðurstöðu starfsmatskerfisins SAMSTARF.

Markmið aðila með breytingum er:

- Að breyta samsetningu heildarlauna með því að færa fastar viðbótargreiðslur inn í dagvinnulaun félagsmanna.
- Að gera sveitarfélögin að eftirsóknarverðari vinnustöðum fyrir háskólamenntað vinnuafli.
- Að jafnræði og samræmi ríki í launum háskólamenntaðra í sambærilegum störfum hjá sveitarfélögum landsins, m.a. með það fyrir augum að eyða kynbundnum launamun.

Aðilar eru sammála um að innleiðingarferli starfsmatsins verði eftirfarandi í þremur skrefum:

1. FYRSTA SKREF INNLEIÐINGAR STARFSMATSKERFISINS SAMSTARFS:

a) Bráðabirgðaröðun starfa

Frá 1. apríl 2016 til 31. maí 2018 raðast öll störf í kjarasamningi þessum til bráðabirgða samkvæmt sérákvæði 2.

b) Afsal fastra viðbótargreiðslna

Starfsmaður sem fær fastar greiðslur til viðbótar dagvinnulaunum getur afsalað sér fastri yfirvinnu, persónuálagi og/eða launaflokkum umfram ákvæði gildandi kjarasamnings, tímabundnum viðbótarlaunum (tv-einingum) og/eða stjórnendaálagi sem nemur hækkun launaröðunar skv. lið a. Það gerir hann með undirritun yfirlýsingar um afsal fastra greiðslna, sjá fylgiskjal 3, eigi síðar en 15. apríl 2016 og gildir bráðabirgðaröðun þá frá 1. apríl 2016.

Afsal fastra viðbótargreiðslna og ný bráðabirgðaröðun skal í engum tilvikum leiða til lækkunar heildarlauna starfsmanns.

Afsali starfsmaður sér ekki föstum viðbótargreiðslum verður launaröðun hans óbreytt þar til uppsögn sveitarfélags á föstum viðbótargreiðslum tekur gildi skv. lið c.

Persónuálag sem starfsmenn höfðu áunnið sér fyrir 1. mars 2014 vegna 13 ára fagreyngu (2%), halda því meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda og telst persónuálag vegna þessa ekki vera umfram kjarasamninga og verður því ekki flutt inn í dagvinnulaun.

Þeir starfsmenn sem höfðu fengið 4% persónuálag vegna mats á grunnnámi umfram 180 ECTS í BSc eða Cand.oecon prófi, fyrir 1. mars 2014 halda persónuálaginu meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda og telst það persónuálag því ekki vera umfram kjarasamninga og verður því ekki flutt inn í dagvinnulaun.

Þeir sem fyrir 1. mars 2014 höfðu fengið persónuálag vegna mats á tvöföldu BA., BS. B.Ed. prófi halda persónuálaginu meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda og telst það persónuálag því ekki vera umfram kjarasamninga og verður því ekki flutt inn í dagvinnulaun.

c) Uppsögn fastra viðbótargreiðslna

Sveitarfélag sem greiðir starfsmanni fastar greiðslur til viðbótar dagvinnulaunum þ.e. fasta yfirvinnu, persónuálag og/eða launaflokka umfram ákvæði gildandi kjarasamnings, tímabundin viðbótarlaun (tv-einingar) og/eða stjórnendaálag, skal segja þeim upp til að mæta hækkun launaröðunar skv. lið a. Segja skal föstum viðbótargreiðslum upp með þriggja mánaða fyrirvara eigi síðar en 30. apríl 2016, nema starfsmaður hafi áður afsalað sér greiðslum þessum með undirritun yfirlýsingar skv. lið b.

Uppsögn fastra viðbótargreiðslna og bráðabirgðaröðun skal í engum tilvikum leiða til lækkunar heildarlauna starfsmanns.

Bráðabirgðaröðun tekur gildi að liðnum uppsagnarfresti þann 1. ágúst 2016 nema þegar um er að ræða afsal skv. lið b.

Sveitarfélag sem gert hefur fastlaunasamninga við starfsmenn sína þar sem samið er um aðra samsetningu heildarlauna en áður hafa verið tilgreindar, skulu endurskoða þá með sambærilegum hætti og gert er með aðrar fastar viðbótargreiðslur, til að laga þá að markmiðum sérákvæðis þessa.

Gæta skal að því, í hverju skrefi innleiðingar starfsmats að afsal fastra viðbótargreiðslna til að mæta hækkun dagvinnulauna leiði í engum tilvikum til vinnuskyldu umfram ákvæði í grein 2.1.1. án þess að til komi greiðsla skv. gr. 2.3.1.

Endurskoðun fastlaunasamninga vegna bráðabirgðaröðunar skal í engum tilvikum leiða til lækkunar heildarlauna starfsmanns.

Persónuálag sem starfsmenn höfðu áunnið sér fyrir 1. mars 2014 vegna 13 ára fagreynslu (2%), halda því meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda og telst persónuálag vegna þessa ekki vera umfram kjarasamninga og verður því ekki flutt inn í dagvinnulaun.

Þeir starfsmenn sem höfðu fengið 4% persónuálag vegna mats á grunnnámi umfram 180 ECTS í BSc eða Cand.oecon prófi, fyrir 1. mars 2014 halda persónuálaginu meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda og telst það persónuálag því ekki vera umfram kjarasamninga og verður því ekki flutt inn í dagvinnulaun.

Þeir sem fyrir 1. mars 2014 höfðu fengið persónuálag vegna mats á tvöföldu BA., BS. B.Ed. prófi halda persónuálaginu meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda og telst það persónuálag því ekki vera umfram kjarasamninga og verður því ekki flutt inn í dagvinnulaun.

d) Engar fastar viðbótargreiðslur

Starfsmaður sem ekki fær fasta yfirvinnu, persónuálag og/eða launaflokka umfram ákvæði gildandi kjarasamnings, tímabundin viðbótarlaun (tv-einingar) og/eða stjórnendaálag til viðbótar dagvinnulaunum skal raðast samkvæmt bráðabirgðaröðun skv. lið a frá 1. apríl 2016.

Bráðabirgðaröðun skal í engum tilvikum leiða til lækkunar heildarlauna starfsmanns.

2. ANNAÐ SKREF INNLEIÐINGAR STARFSMATSKERFISINS SAMSTARFS

a) Mat á störfum samkvæmt starfsmati

Á tímabilinu 1. ágúst 2016 til 30. apríl 2018 fer fram mat á störfum í samræmi við verklagsreglur starfsmatskerfisins SAMSTARF, sjá www.starfsmat.is. Unnið verður samkvæmt tímasettri aðgerðaáætlun samningsaðila, sveitarfélaga og verkefnastofu starfsmats, skv. fylgiskjali 4.

3. ÞRIÐJA SKREF INNLEIÐINGAR STARFSMATSKERFISINS SAMSTARFS

a) Röðun samkvæmt starfsmati

Þann 1. júní 2018 fellur úr gildi bráðabirgðaröðun starfa samkvæmt sérákvæði 2. Frá þeim tíma raðast störf samkvæmt starfsmati í launatöflu IV.

b) Ef niðurstaða starfsmats reynist lægri en bráðabirgðaröðun

Verði niðurstaða starfsmats lægri en bráðabirgðaröðun starfs, ber að lækka röðun starfsins til samræmis við þá niðurstöðu. Sú breyting tekur gildi 1. september 2018.

c) Ef niðurstaða starfsmats reynist hærrí en bráðabirgðaröðun

Verði niðurstaða starfsmats hærrí en bráðabirgðaröðun, mun starfsmaður raðast samkvæmt henni þegar hann hefur afsalað sér föstum viðbótargreiðslum eða þeim verið sagt upp í samræmi við útfærslu reiknivélar 2.

d) Engar fastar viðbótargreiðslur

Starfsmaður sem ekki fær fasta yfirvinnu, persónuálag og/eða launaflokka umfram ákvæði gildandi kjarasamnings, tímabundin viðbótarlaun og/eða stjórnendaálag til viðbótar dagvinnulaunum skal raðast samkvæmt niðurstöðu starfsmats frá 1. júní 2018.

Gæta skal að því, í hverju skrefi innleiðingar starfsmats að afsal fastra viðbótargreiðslna til að mæta hækkun dagvinnulauna leiði í engum tilvikum til vinnuskyldu umfram ákvæði í grein 2.1.1. án þess að til komi greiðsla skv. gr. 2.3.1.

e) Tafir á niðurstöðu starfsmats

Komi til þess að starfsmatsniðurstöður fyrir einstaka störf liggja ekki fyrir þann 30. apríl 2018 af ástæðum sem vinnuveitandi eða Verkefnastofa starfsmats ber ábyrgð á gildir starfsmatsniðurstaða engu að síður frá 1. júní 2018.

Komi til þess að starfsmatsniðurstöður fyrir einstaka störf liggja ekki fyrir þann 30. apríl 2018 vegna þess að starfsmaður hefur ekki skilað nauðsynlegum gögnum verður viðkomandi starfi varpað inn í nýja launatöflu starfsmatsins miðað við gildandi laun á þeim tíma. Þegar starfsmatsniðurstaða liggur fyrir gilda verklagsreglur starfsmats um gildistöku breyttrar röðunar vegna endurmats starfa.

f) Um framkvæmd innleiðingar og upptöku starfsmats

Sveitarfélög skulu halda til haga upplýsingum um framkvæmd innleiðingar og upptöku starfsmats. Samband íslenskra sveitarfélaga mun kalla eftir þeim upplýsingum eftir hvert skref í innleiðingarferli starfsmatsins og upplýsa samningsaðila um það samkvæmt tímasettri aðgerðaáætlun.

Kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga mun aðstoða og leiðbeina sveitarfélögum við útreikninga á flutningi fastra viðbótargreiðslna inn í dagvinnulaun starfsmanna m.a. út frá sameiginlegum reiknivélum aðila.

STARFSMATSKERFIÐ SAMSTARF

SAMSTARF á uppruna sinn að rekja til Bretlands, en þar hannaði hópur sérfræðinga starfsmatskerfið *Local Government Single Status Job Evaluation* í samvinnu við sveitar- og stéttarfélög árið 1997. Við hönnun kerfisins var sérstaklega gætt að jafnrétti starfsmanna á grundvelli kyns, kynþáttar, trúarskoðana, aldurs og fötlunar og þannig reynt að tryggja starfsmönnum jafnræði í grunnlaunasetningu fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.

Starfsmatskerfið SAMSTARF var fyrst innleitt hjá sveitarfélögum á Íslandi árið 2002 og hefur síðan verið notað til að meta störf fjölmennra hópa starfsmanna sveitarfélaga. Með kjarasamningum aðila starfsmatsins árið 2008 var sammælt um að meta reynsluna af kerfinu og móta framtíðarsýn SAMSTARFS. Skipuð var sameiginleg verkefnastjórn aðila til að vinna verkefnið. Niðurstaða þeirrar vinnu var skýrslan „Samstarf til framtíðar“ sem gefin var út árið 2010. Í skýrslunni setti verkefnisstjórnin fram þá sameiginlegu framtíðarsýn að:

- Starfsmatskerfið SAMSTARF sé rétt og áreiðanlegt mælitæki sem meti sambærileg og jafnverðmæt störf á kynhlutlausan hátt og tryggi þannig jafnrétti í grunnlaunasetningu.
- Starfsmatskerfið SAMSTARF hafi trausta ímynd sem réttmætt og áreiðanlegt mælitæki.

Einnig lagði verkefnastjórnin til markmið og verkefni sem nauðsynlegt var að vinna til að sú framtíðarsýn yrði að veruleika. Skýrslunni fylgdi tímasett aðgerðaráætlun, sem aðilar hafa unnið samkvæmt síðan og nú er nánast tæmd.

Á árinu 2013 var tekið upp samstarf varðandi starfsmatskerfið við Reykjavíkurborg og viðsemjendur hennar, sem einnig höfðu notað SAMSTARF um árabíl. Kjarninn í því samstarfi fólst í því að yfirfara og endurskoða kerfið með hliðsjón af þeirri þróun og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á kerfinu í Bretlandi frá árinu 2002. Innleidd var ný vefútgáfa starfsmatskerfisins og í ársbyrjun 2014 voru starfsmatssteymi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar sameinuð í sameiginlegri Verkefnastofu starfsmats þar sem allt starfsmat fyrir sveitarfélögin fer nú fram, www.starfsmat.is.

Starfsmatið er viðvarandi samstarfsverkefni sveitar- og stéttarfélaga sem að því koma. Fagleg samráðsnefnd hefur yfirumsjón með áframhaldandi þróun og samræmingu starfsmatskerfisins.

15.SÉRÁKVÆÐI 2: BRÁÐABIRGÐARÖÐUN 1. APRÍL 2016 TIL 31. MAÍ 2018**Vörpun starfsheita og breyting á grunnröðun**

Ný starfsheiti og bráðabirgðaröðun sem gildir frá 1. apríl 2016 til 31. maí 2018			
Starfsheiti og röðun til 31. mars 2016	Lfl.	Starfsheiti og röðun frá 1. apríl 2016	Lfl.
(Í)Iðjupjálfi 1	20	Iðjupjálfi	26
(Í)Iðjupjálfi 2	23	Iðjupjálfi	26
(Í)Iðjupjálfi 1	20	Iðjupjálfi í málefnum fatlaðra	27
(Í)Iðjupjálfi 2	23	Iðjupjálfi í málefnum fatlaðra	27
(Í)Ráðgjafariðjupjálfi 1	25	Ráðgjafariðjupjálfi 1	27
(Í)Ráðgjafariðjupjálfi 2	27	Ráðgjafariðjupjálfi 2	29
(Í)Deildarstjóri 1	25	Deildarstjóri þjónustu 1	30
(Í)Deildarstjóri 2	27	Deildarstjóri þjónustu 2	31
(Í)Forstöðumaður 1	30	Forstöðumaður 1	32
(Í)Forstöðumaður 2	32	Forstöðumaður 2	36
(Í) Verkefnastjóri m sértæka ábyrgð	34	Verkefnastjóri með sértæka ábyrgð	36
(Í)	nýtt	Forstöðumaður 2 í búsetu	38
(Í)Forstöðumaður 3	34	Forstöðumaður 3	41
(Í)Umsjónariðjupjálfi /sviðsstjóri	40	Umsjónariðjupjálfi	44
	nýtt	Deildarstjóri 1	44
	nýtt	Deildarstjóri 2	49
(Í)	nýtt	Sviðsstjóri 1	54
(Í)	nýtt	Sviðsstjóri 2	59

BRÁÐABIRGÐARÖÐUN STARFSHEITA Í LAUNAFLOKKA OG STARFASKILGREININGAR

Starfsheiti	L.fl.
Iðjupjálfi	26
Iðjupjálfi í málefnum fatlaðra	27
Ráðgjafariðjupjálfi 1	27
Ráðgjafariðjupjálfi 2	29
Deildarstjóri þjónustu 1	30
Deildarstjóri þjónustu 2	31
Forstöðumaður 1	32
Verkefnastjóri með sértæka ábyrgð	36
Forstöðumaður 2	36
Forstöðumaður 2 í búsetu	38
Forstöðumaður 3	41
Umsjónariðjupjálfi	44
Deildarstjóri 1	44
Deildarstjóri 2	49
Sviðstjóri 1	54
Sviðstjóri 2	59

STARFASKILGREININGAR:**Iðjupjálfi**

Vinnur sjálfstætt og ber ábyrgð á faglegu starfi með notendum þjónustu. Vinnur að greiningu og mati ásamt áætlunargerð og fylgir þeim eftir. Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi og teymisvinnu ásamt því að veita ráðgjöf og þjónustu til notenda og aðstandenda.

Iðjupjálfi í málefnum fatlaðra

Vinnur sjálfstætt og ber ábyrgð á faglegu starfi með notendum þjónustu. Vinnur að greiningu og mati ásamt áætlunargerð og fylgir þeim eftir. Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi og teymisvinnu ásamt því að veita ráðgjöf og þjónustu til notenda og aðstandenda í málefnum fatlaðra.

Ráðgjafaiðjupjálfi 1

Veitir ráðgjöf og þjónustu til starfsmanna og notenda á einu sviði hjá sveitarfélagi. Getur einnig falið í sér mat og greiningu á færni og þörf notenda fyrir hjálpartæki og aðlögun umhverfis. Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi og teymisvinnu innan stofnunar eða sviðs.

Ráðgjafaiðjupjálfi 2

Veitir víðtæka ráðgjöf og þjónustu til starfsmanna og notenda í margþættri starfsemi hjá sveitarfélagi eða veitir svo umfangsmikla ráðgjöf og þjónustu á einu sviði að jafna megi við það. Getur einnig falið í sér mat og greiningu á færni og þörf notenda fyrir hjálpartæki og aðlögun umhverfis. Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi og teymisvinnu innan stofnunar eða sviðs.

Deildarstjóri í þjónustu 1

Deildarstjóri sem stýrir deild eða þjónustukjarna í dagþjónustu eða annarri þjónustu undir stjórn forstöðumanns stofnunar. Í starfinu felst m.a. umsjón með faglegu starfi á deildinni, dagleg verkstjórn, skipulag og eftirfylgni verkefna.

Deildarstjóri í þjónustu 2

Deildarstjóri sem stýrir deild eða þjónustukjarna í búsetuþjónustu undir stjórn forstöðumanns sem er ábyrgur fyrir starfsemi tveggja eða fleiri stofnana. Í starfinu felst m.a. umsjón með faglegu starfi á deildinni, dagleg verkstjórn, skipulag og eftirfylgni verkefna.

Forstöðumaður 1

Forstöðumaður er ábyrgur fyrir starfsemi stofnunar, t.d. minni dagþjónustu, þar með talin stjórnun, rekstur og samhæfing starfssemi, starfsmannamál, stefnumótun gerð fjárhagsáætlunar og að veitt þjónusta sé samkvæmt áætlun.

Verkefnastjóri með sértæka ábyrgð

Starfið felur í sér umsjón eða stjórn umfangsmikilla verkefna hjá sveitarfélögum eða málaflokkum, t.d. á sviði öldrunar/fötlunarmála. Tekur þátt í stefnumótun, stjórnun og nýsköpun. Getur falið í sér mannaforráð.

Forstöðumaður 2

Forstöðumaður er ábyrgur fyrir starfsemi, skammtímavistunar, stærri dagþjónustu (8 stöðugildi eða fleiri), tveimur stofnunum og/eða þjónustukjörnum.

Forstöðumaður 2 í búsetu

Ber ábyrgð á rekstri og starfssemi heimiliseiningar, hefur mannaforráð og tekur þátt í stefnumótun.

Forstöðumaður 3

Forstöðumaður er ábyrgur fyrir starfsemi tveggja eða fleiri stofnana þar sem a.m.k. ein er með sólarhringsþjónustu eða veitir þjónustu alla daga ársins.

Umsjónariðjupjálfi

Hefur umsjón með ákveðnu málsviði í samræmi við skipurit sveitarfélags. Umsjónariðjupjálfi gegnir stjórnunar og forystuhlutverki innan sveitarfélags, tekur þátt í stefnumótun, markmiðssetningu og nýsköpun innan þess.

Deildarstjóri 1

Starfið felur í sér ábyrgð á ákveðnum málaflokki undir yfirstjórn sviðsstjóra. Ber ábyrgð á stefnumótun, fjárhags- og starfsáætlunargerð, kostnaðareftirlit og hefur mannaforráð. Starfar í sveitarfélagi með allt að 15.000 íbúa.

Deildarstjóri 2

Starfið felur í sér ábyrgð á ákveðnum málaflokki undir yfirstjórn sviðsstjóra. Ber ábyrgð á stefnumótun, fjárhags- og starfsáætlunargerð, kostnaðareftirlit og hefur mannaforráð. Starfar í sveitarfélagi með fleiri en 15.000 íbúa.

Sviðsstjóri 1

Ber ábyrgð á sviði sveitarfélags með allt að 15.000 íbúa.

Sviðsstjóri 2

Ber ábyrgð á sviði sveitarfélags með fleiri en 15.000 íbúa.

Launaðir staðgenglar

Formlega skipaður staðgengill forstöðumanns sem sinnir starfsskyldum hans að fullu í hans fjarvist, raðast 2 launaflokkum hærra en ella.

16. SÉRÁKVÆÐI 3:

2. GREIN: SKIPULAG VINNUTÍMA IÐJUPJÁLFA.

Skipulag vinnutíma iðjubjálfa í leikskólum og grunnskólum skal mótast í samráði viðkomandi stjórnenda með hverjum iðjubjálfa. Stjórnendur skulu rökstyðja fyrir iðjubjálfum áform sín um skipulag vinnutímans og endanlega ákvörðunartöku eftir samráðið.

Við ákvörðun vinnutímaskipulagsins skal til viðbótar beinni vinnu með nemendum þess gætt að iðjubjálfinn hafi nægan tíma til gerðar einstaklingsnámsskrár, undirbúnings, náms- og stöðumats, aðlögunar, samstarfs við fagaðila utan og innan skólans og foreldra. Einnig að tryggður sé nægur tími til ráðgjafar til kennara og annarra starfsmanna og skráningar upplýsinga og hvers kyns umsjónarstarfa. Auk þess skal tryggja gott svigrúm fyrir iðjubjálfa til endur- og símenntunar. Einnig skal ætla tíma til nauðsynlegrar handleiðslu.

Sérstaklega skal fjallað um samvinnu og stuðning annarra starfsmanna við störf iðjubjálfa við heildarskipulagningu vinnunnar.

Mikilvægt er að mat á skiptingu vinnutíma iðjubjálfa í einstaka þætti sé raunhæft og að tillit sé tekið til tímabundins álags og árstíðabundinna breytinga á verkefnum hans. Þess skal gætt að sá tími sem þarf til að sinna verkefnum iðjubjálfa á faglegan og skipulegan hátt þar sem tekið er tillit til framangreindra þátta og rúmast ekki innan dagvinnumarka sé greiddur með yfirvinnukaupi.

Stjórnendur skulu nýta sér framangreindar vinnuaðferðir.

3. GREIN: UNDIRBÚNINGSTÍMI

Undirbúningstími iðjubjálfa á þjónustustofnunum og heimilum fyrir fatlaða er 4 klst. á viku miðað við fullt starf. Undirbúningstími iðjubjálfa í leikskólum sem starfar með fötluðum börnum og börnum með metnar sérþarfir er að lágmarki 5 klst. á viku. Deildarstjórar fá að lágmarki 5 klst. á viku. Undirbúningstími notist m.a. til starfsáætlanagerðar, viðtalstíma fyrir foreldra og annars foreldrasamstarfs, atferlisathugana og kynnisferða. Undirbúningstími skal að jafnaði unninn innan dagvinnutíma.

4. GREIN: HANDLEIÐSLA

Iðjubjálfar skulu eiga kost á handleiðslu eftir því sem nauðsyn krefur. Samningsaðilar fylgjast með framkvæmdinni og afla gagna um hana eins og þurfa þykir.

5. GREIN MAT Á 4. ÁRI BS NÁMS TIL LAUNA.

Þar til fyrsta prófgráða í námi iðjubjálfa verður skipulögð sem 180 ECTS BS nám verða 60 ECTS einingar umfram 180 ECTS einingar í BS námi metnar til 4% persónuálags.

17.FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR

Launatafla 1: Gildir frá 1. september 2015 til 31. maí 2016.

Launatafla 2: Gildir frá 1. júní 2016 til 31. maí 2017.

Launatafla 3: Gildir frá 1. júní 2017 til 31. maí 2018.

Launatafla 4: Gildir frá 1. júní 2018 til 31. mars 2019.

BHM: LAUNATAFLA I									
Gildir frá 1. september 2015 til 31. maí 2016									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
25	373.313	380.779	388.246	395.712	403.178	410.644	418.111	425.577	433.043
26	378.912	386.490	394.068	401.647	409.225	416.803	424.381	431.960	439.538
27	384.597	392.289	399.981	407.673	415.365	423.057	430.749	438.441	446.133
28	390.365	398.172	405.980	413.787	421.594	429.402	437.209	445.016	452.823
29	396.221	404.145	412.070	419.994	427.919	435.843	443.768	451.692	459.616
30	402.164	410.207	418.251	426.294	434.337	442.380	450.424	458.467	466.510
31	408.196	416.360	424.524	432.688	440.852	449.016	457.180	465.343	473.507
32	414.320	422.606	430.893	439.179	447.466	455.752	464.038	472.325	480.611
33	420.534	428.945	437.355	445.766	454.177	462.587	470.998	479.409	487.819
34	426.842	435.379	443.916	452.453	460.989	469.526	478.063	486.600	495.137
35	433.245	441.910	450.575	459.240	467.905	476.570	485.234	493.899	502.564
36	439.743	448.538	457.333	466.128	474.922	483.717	492.512	501.307	510.102
37	446.340	455.267	464.194	473.120	482.047	490.974	499.901	508.828	517.754
38	453.035	462.096	471.156	480.217	489.278	498.339	507.399	516.460	525.521
39	459.831	469.028	478.224	487.421	496.617	505.814	515.011	524.207	533.404
40	466.728	476.063	485.397	494.732	504.066	513.401	522.735	532.070	541.404
41	473.728	483.203	492.677	502.152	511.626	521.101	530.575	540.050	549.524
42	480.834	490.451	500.067	509.684	519.301	528.917	538.534	548.151	557.767
43	488.047	497.808	507.569	517.330	527.091	536.852	546.613	556.374	566.135
44	495.368	505.275	515.183	525.090	534.997	544.905	554.812	564.720	574.627
45	502.799	512.855	522.911	532.967	543.023	553.079	563.135	573.191	583.247
46	510.341	520.548	530.755	540.961	551.168	561.375	571.582	581.789	591.996
47	517.995	528.355	538.715	549.075	559.435	569.795	580.154	590.514	600.874
48	525.766	536.281	546.797	557.312	567.827	578.343	588.858	599.373	609.889
49	533.651	544.324	554.997	565.670	576.343	587.016	597.689	608.362	619.035
50	541.657	552.490	563.323	574.156	584.990	595.823	606.656	617.489	628.322
51	549.782	560.778	571.773	582.769	593.765	604.760	615.756	626.751	637.747
52	558.028	569.189	580.349	591.510	602.670	613.831	624.991	636.152	647.312
53	566.399	577.727	589.055	600.383	611.711	623.039	634.367	645.695	657.023
54	574.895	586.393	597.891	609.389	620.887	632.385	643.882	655.380	666.878

BHM: LAUNATAFLA I									
Gildir frá 1. september 2015 til 31. maí 2016									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
55	583.518	595.188	606.859	618.529	630.199	641.870	653.540	665.211	676.881
56	592.270	604.115	615.961	627.806	639.652	651.497	663.342	675.188	687.033
57	601.154	613.177	625.200	637.223	649.246	661.269	673.292	685.316	697.339
58	610.172	622.375	634.579	646.782	658.986	671.189	683.393	695.596	707.800
59	619.325	631.712	644.098	656.485	668.871	681.258	693.644	706.031	718.417
60	628.615	641.187	653.760	666.332	678.904	691.477	704.049	716.621	729.193
61	638.044	650.805	663.566	676.327	689.088	701.848	714.609	727.370	740.131
62	647.614	660.566	673.519	686.471	699.423	712.375	725.328	738.280	751.232
63	657.329	670.476	683.622	696.769	709.915	723.062	736.208	749.355	762.502
64	667.189	680.533	693.877	707.220	720.564	733.908	747.252	760.595	773.939
65	677.196	690.740	704.284	717.828	731.372	744.916	758.460	772.003	785.547
66	687.354	701.101	714.848	728.595	742.342	756.089	769.836	783.584	797.331
67	697.664	711.617	725.571	739.524	753.477	767.430	781.384	795.337	809.290
68	708.130	722.293	736.455	750.618	764.780	778.943	793.106	807.268	821.431
69	718.752	733.127	747.502	761.877	776.252	790.627	805.002	819.377	833.752
70	729.533	744.124	758.714	773.305	787.896	802.486	817.077	831.668	846.258

BHM: LAUNATAFLA II									
Gildir frá 1. júní 2016 til 31. maí 2017									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
25	395.712	403.626	411.540	419.455	427.369	435.283	443.197	451.112	459.026
26	401.647	409.680	417.713	425.746	433.779	441.812	449.845	457.878	465.911
27	407.673	415.826	423.980	432.133	440.287	448.440	456.594	464.747	472.901
28	413.787	422.063	430.338	438.614	446.890	455.166	463.441	471.717	479.993
29	419.994	428.394	436.794	445.194	453.594	461.993	470.393	478.793	487.193
30	426.294	434.820	443.346	451.872	460.398	468.923	477.449	485.975	494.501
31	432.688	441.342	449.996	458.649	467.303	475.957	484.611	493.264	501.918
32	439.179	447.963	456.746	465.530	474.313	483.097	491.880	500.664	509.448
33	445.766	454.681	463.597	472.512	481.427	490.343	499.258	508.173	517.089
34	452.453	461.502	470.551	479.600	488.649	497.698	506.747	515.796	524.845
35	459.240	468.425	477.610	486.794	495.979	505.164	514.349	523.534	532.718
36	466.128	475.451	484.773	494.096	503.418	512.741	522.063	531.386	540.708
37	473.120	482.582	492.045	501.507	510.970	520.432	529.894	539.357	548.819
38	480.217	489.821	499.426	509.030	518.634	528.239	537.843	547.447	557.052
39	487.421	497.169	506.918	516.666	526.415	536.163	545.912	555.660	565.408
40	494.732	504.627	514.521	524.416	534.311	544.205	554.100	563.994	573.889
41	502.152	512.195	522.238	532.281	542.324	552.367	562.410	572.453	582.496
42	509.684	519.878	530.071	540.265	550.459	560.652	570.846	581.040	591.233
43	517.330	527.677	538.023	548.370	558.716	569.063	579.410	589.756	600.103
44	525.090	535.592	546.094	556.595	567.097	577.599	588.101	598.603	609.104
45	532.967	543.626	554.286	564.945	575.604	586.264	596.923	607.582	618.242
46	540.961	551.780	562.599	573.419	584.238	595.057	605.876	616.696	627.515
47	549.075	560.057	571.038	582.020	593.001	603.983	614.964	625.946	636.927
48	557.312	568.458	579.604	590.751	601.897	613.043	624.189	635.336	646.482
49	565.670	576.983	588.297	599.610	610.924	622.237	633.550	644.864	656.177
50	574.156	585.639	597.122	608.605	620.088	631.572	643.055	654.538	666.021
51	582.769	594.424	606.080	617.735	629.391	641.046	652.701	664.357	676.012
52	591.510	603.340	615.170	627.001	638.831	650.661	662.491	674.321	686.152
53	600.383	612.391	624.398	636.406	648.414	660.421	672.429	684.437	696.444
54	609.389	621.577	633.765	645.952	658.140	670.328	682.516	694.703	706.891
55	618.529	630.900	643.270	655.641	668.011	680.382	692.752	705.123	717.494
56	627.806	640.362	652.918	665.474	678.030	690.587	703.143	715.699	728.255
57	637.223	649.967	662.712	675.456	688.201	700.945	713.690	726.434	739.179
58	646.782	659.718	672.653	685.589	698.525	711.460	724.396	737.331	750.267
59	656.485	669.615	682.744	695.874	709.004	722.134	735.263	748.393	761.523

BHM: LAUNATAFLA II									
Gildir frá 1. júní 2016 til 31. maí 2017									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
60	666.332	679.659	692.985	706.312	719.639	732.965	746.292	759.618	772.945
61	676.327	689.854	703.380	716.907	730.433	743.960	757.486	771.013	784.539
62	686.471	700.200	713.930	727.659	741.389	755.118	768.848	782.577	796.306
63	696.769	710.704	724.640	738.575	752.511	766.446	780.381	794.317	808.252
64	707.220	721.364	735.509	749.653	763.798	777.942	792.086	806.231	820.375
65	717.828	732.185	746.541	760.898	775.254	789.611	803.967	818.324	832.680
66	728.595	743.167	757.739	772.311	786.883	801.455	816.026	830.598	845.170
67	739.524	754.314	769.105	783.895	798.686	813.476	828.267	843.057	857.848
68	750.618	765.630	780.643	795.655	810.667	825.680	840.692	855.705	870.717
69	761.877	777.115	792.352	807.590	822.827	838.065	853.302	868.540	883.777
70	773.305	788.771	804.237	819.703	835.169	850.636	866.102	881.568	897.034

BHM: LAUNATAFLA III									
Gildir frá 1. júní 2017 til 31. maí 2018									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
25	407.583	415.735	423.886	432.038	440.190	448.341	456.493	464.645	472.796
26	413.696	421.970	430.244	438.518	446.792	455.066	463.340	471.613	479.887
27	419.903	428.301	436.699	445.097	453.495	461.893	470.291	478.689	487.087
28	426.201	434.725	443.249	451.773	460.297	468.821	477.345	485.869	494.393
29	432.594	441.246	449.898	458.550	467.202	475.853	484.505	493.157	501.809
30	439.083	447.865	456.646	465.428	474.210	482.991	491.773	500.555	509.336
31	445.669	454.582	463.496	472.409	481.323	490.236	499.149	508.063	516.976
32	452.354	461.401	470.448	479.495	488.542	497.589	506.636	515.684	524.731
33	459.139	468.322	477.505	486.687	495.870	505.053	514.236	523.418	532.601
34	466.027	475.348	484.668	493.989	503.309	512.630	521.950	531.271	540.591
35	473.017	482.477	491.938	501.398	510.858	520.319	529.779	539.239	548.700
36	480.112	489.714	499.316	508.919	518.521	528.123	537.725	547.328	556.930
37	487.314	497.060	506.807	516.553	526.299	536.045	545.792	555.538	565.284
38	494.624	504.516	514.409	524.301	534.194	544.086	553.979	563.871	573.764
39	502.044	512.085	522.126	532.167	542.208	552.248	562.289	572.330	582.371
40	509.574	519.765	529.957	540.148	550.340	560.531	570.723	580.914	591.106
41	517.217	527.561	537.906	548.250	558.594	568.939	579.283	589.627	599.972
42	524.975	535.475	545.974	556.474	566.973	577.473	587.972	598.472	608.971
43	532.850	543.507	554.164	564.821	575.478	586.135	596.792	607.449	618.106
44	540.843	551.660	562.477	573.294	584.110	594.927	605.744	616.561	627.378
45	548.956	559.935	570.914	581.893	592.872	603.852	614.831	625.810	636.789
46	557.190	568.334	579.478	590.621	601.765	612.909	624.053	635.197	646.340
47	565.547	576.858	588.169	599.480	610.791	622.102	633.413	644.724	656.035
48	574.031	585.512	596.992	608.473	619.953	631.434	642.915	654.395	666.876
49	582.640	594.293	605.946	617.598	629.251	640.904	652.557	664.210	675.862
50	591.381	603.209	615.036	626.864	638.691	650.519	662.347	674.174	686.002
51	600.252	612.257	624.262	636.267	648.272	660.277	672.282	684.287	696.292
52	609.255	621.440	633.625	645.810	657.995	670.181	682.366	694.551	706.736
53	618.394	630.762	643.130	655.498	667.866	680.233	692.601	704.969	717.337
54	627.671	640.224	652.778	665.331	677.885	690.438	702.992	715.545	728.098
55	637.085	649.827	662.568	675.310	688.052	700.794	713.535	726.277	739.019
56	646.640	659.573	672.506	685.438	698.371	711.304	724.237	737.170	750.102
57	656.340	669.467	682.594	695.720	708.847	721.974	735.101	748.228	761.354
58	666.185	679.509	692.832	706.156	719.480	732.804	746.127	759.451	772.775
59	676.180	689.704	703.227	716.751	730.274	743.798	757.322	770.845	784.369

BHM: LAUNATAFLA III									
Gildir frá 1. júní 2017 til 31. maí 2018									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
60	686.322	700.048	713.775	727.501	741.228	754.954	768.681	782.407	796.134
61	696.617	710.549	724.482	738.414	752.346	766.279	780.211	794.143	808.076
62	707.065	721.206	735.348	749.489	763.630	777.772	791.913	806.054	820.195
63	717.672	732.025	746.379	760.732	775.086	789.439	803.793	818.146	832.500
64	728.437	743.006	757.574	772.143	786.712	801.281	815.849	830.418	844.987
65	739.363	754.150	768.938	783.725	798.512	813.299	828.087	842.874	857.661
66	750.453	765.462	780.471	795.480	810.489	825.498	840.507	855.516	870.525
67	761.710	776.944	792.178	807.413	822.647	837.881	853.115	868.349	883.584
68	773.137	788.600	804.062	819.525	834.988	850.451	865.913	881.376	896.839
69	784.733	800.428	816.122	831.817	847.512	863.206	878.901	894.596	910.290
70	796.504	812.434	828.364	844.294	860.224	876.154	892.084	908.015	923.945

BHM: LAUNATAFLA IV									
Gildir frá 1. júní 2018 til 31. mars 2019									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
145	391.288	399.114	406.940	414.765	422.591	430.417	438.243	446.068	453.894
146	395.592	403.504	411.416	419.328	427.239	435.151	443.063	450.975	458.887
147	399.944	407.943	415.942	423.941	431.940	439.938	447.937	455.936	463.935
148	404.343	412.430	420.517	428.604	436.690	444.777	452.864	460.951	469.038
149	408.791	416.967	425.143	433.318	441.494	449.670	457.846	466.022	474.198
150	413.287	421.553	429.818	438.084	446.350	454.616	462.881	471.147	479.413
151	417.834	426.191	434.547	442.904	451.261	459.617	467.974	476.331	484.687
152	422.430	430.879	439.327	447.776	456.224	464.673	473.122	481.570	490.019
153	427.076	435.618	444.159	452.701	461.242	469.784	478.325	486.867	495.408
154	431.774	440.409	449.045	457.680	466.316	474.951	483.587	492.222	500.858
155	436.524	445.254	453.985	462.715	471.446	480.176	488.907	497.637	506.368
156	441.326	450.153	458.979	467.806	476.632	485.459	494.285	503.112	511.938
157	446.180	455.104	464.027	472.951	481.874	490.798	499.722	508.645	517.569
158	451.088	460.110	469.132	478.153	487.175	496.197	505.219	514.240	523.262
159	456.050	465.171	474.292	483.413	492.534	501.655	510.776	519.897	529.018
160	461.067	470.288	479.510	488.731	497.952	507.174	516.395	525.616	534.838
161	466.138	475.461	484.784	494.106	503.429	512.752	522.075	531.397	540.720
162	471.266	480.691	490.117	499.542	508.967	518.393	527.818	537.243	546.669
163	476.450	485.979	495.508	505.037	514.566	524.095	533.624	543.153	552.682
164	481.691	491.325	500.959	510.592	520.226	529.860	539.494	549.128	558.762
165	486.989	496.729	506.469	516.208	525.948	535.688	545.428	555.167	564.907
166	492.346	502.193	512.040	521.886	531.733	541.581	551.428	561.274	571.121
167	499.485	509.475	519.464	529.454	539.444	549.434	559.423	569.413	579.403
168	506.728	516.863	526.997	537.132	547.266	557.401	567.535	577.670	587.804
169	514.076	524.358	534.639	544.921	555.202	565.484	575.765	586.047	596.328
170	521.530	531.961	542.391	552.822	563.252	573.683	584.114	594.544	604.975
171	529.092	539.674	550.256	560.838	571.419	582.001	592.583	603.165	613.747
172	536.764	547.499	558.235	568.970	579.705	590.440	601.176	611.911	622.646
173	544.547	555.438	566.329	577.220	588.111	599.002	609.893	620.784	631.675
174	552.443	563.492	574.541	585.590	596.638	607.687	618.736	629.785	640.834
175	560.453	571.662	582.871	594.080	605.289	616.498	627.707	638.916	650.125
176	568.580	579.952	591.323	602.695	614.066	625.438	636.810	648.181	659.553
177	576.824	588.360	599.897	611.433	622.970	634.506	646.043	657.579	669.116
178	585.188	596.892	608.596	620.299	632.003	643.707	655.411	667.114	678.818
179	593.673	605.546	617.420	629.293	641.167	653.040	664.914	676.787	688.661
180	602.281	614.327	626.372	638.418	650.463	662.509	674.555	686.600	698.646
181	611.014	623.234	635.455	647.675	659.895	672.115	684.336	696.556	708.776
182	619.874	632.271	644.669	657.066	669.464	681.861	694.259	706.656	719.054
183	628.862	641.439	654.016	666.594	679.171	691.748	704.325	716.903	729.480
184	637.980	650.740	663.499	676.259	689.018	701.778	714.538	727.297	740.057

BHM: LAUNATAFLA IV									
Gildir frá 1. júní 2018 til 31. mars 2019									
L.fl.	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
185	647.231	660.176	673.120	686.065	699.009	711.954	724.899	737.843	750.788
186	656.616	669.748	682.881	696.013	709.145	722.278	735.410	748.542	761.675
187	666.137	679.460	692.782	706.105	719.428	732.751	746.073	759.396	772.719
188	675.796	689.312	702.828	716.344	729.860	743.376	756.892	770.407	783.923
189	685.595	699.307	713.019	726.731	740.443	754.155	767.866	781.578	795.290
190	695.536	709.447	723.357	737.268	751.179	765.090	779.000	792.911	806.822
191	705.621	719.733	733.846	747.958	762.071	776.183	790.296	804.408	818.520
192	715.853	730.170	744.487	758.804	773.121	787.438	801.755	816.072	830.389
193	726.233	740.758	755.282	769.807	784.332	798.856	813.381	827.906	842.430
194	736.763	751.498	766.234	780.969	795.704	810.439	825.175	839.910	854.645
195	747.446	762.395	777.344	792.293	807.242	822.191	837.140	852.088	867.037
196	758.284	773.450	788.615	803.781	818.947	834.112	849.278	864.444	879.609
197	769.279	784.665	800.050	815.436	830.821	846.207	861.592	876.978	892.364
198	780.434	796.043	811.651	827.260	842.869	858.477	874.086	889.695	905.303
199	791.750	807.585	823.420	839.255	855.090	870.925	886.760	902.595	918.430
200	803.230	819.295	835.359	851.424	867.488	883.553	899.618	915.682	931.747

18. FYLGISKJAL 2: TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT

TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT		
Gildir frá 1. júní 2018		
Launafl.	Neðri mörk	Efri mörk
145	504	510
146	511	517
147	518	524
148	525	531
149	532	538
150	539	545
151	546	552
152	553	559
153	560	566
154	567	573
155	574	580
156	581	587
157	588	594
158	595	601
159	602	608
160	609	615
161	616	622
162	623	629
163	630	636
164	637	643
165	644	650
166	651	657
167	658	664
168	665	671
169	672	678
170	679	685
171	686	692
172	693	699

TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT		
Gildir frá 1. júní 2018		
Launafl.	Neðri mörk	Efri mörk
173	700	706
174	707	713
175	714	720
176	721	727
177	728	734
178	735	741
179	742	748
180	749	755
181	756	762
182	763	769
183	770	776
184	777	783
185	784	790
186	791	797
187	798	804
188	805	811
189	812	818
190	819	825
191	826	832
192	833	839
193	840	846
194	847	853
195	854	860
196	861	867
197	868	874
198	875	881
199	882	888
200	889	895